

## 1. ALMENNT

- 1.1 Skilmálar þessir gilda um vildarkerfi Arion banka hf. (hér eftir „Arion banki“ eða „bankinn“). Vildarkerfi bankans er hvert það kerfi sem Arion banki þróar, hannar og heldur utan um til handa viðskiptavinum sínum í þeim tilgangi að veita viðskiptavinum fríðindi, afslætti, endurgreiðslur eða önnur sérkjör.
- 1.2 Arion banki getur á hverjum tíma verið með mismunandi vildarkerfi en í skilmálum þessum er vísað til þeirra í heild sinni sem „vildarkerfi bankans“.
- 1.3 Vildarkerfi bankans geta eftir atvikum tengst þjónustum og/eða sérkjörum hjá dótturfélögum bankans eða öðrum samstarfsaðilum.
- 1.4 Mismunandi skilyrði eru fyrir aðild að ólíkum vildarkerfum bankans og geta viðskiptavinir verið aðilar að einu eða fleiri vildarkerfi, eftir því sem við á.
- 1.5 Forsenda þess að viðskiptavinur geti verið aðili að vildarkerfi bankans er samþykki á skilmálum þessum. Með samþykki viðskiptavinar á skilmálunum kemst á samningur milli viðskiptavinar og bankans.
- 1.6 Auk skilmála þessara gilda almennir viðskiptaskilmálar Arion banka um vildarkerfi bankans, en þá má nálgast á heimasíðu bankans, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is). Krefjist tiltekin vildarkerfi notkunar einnar eða fleiri vöru eða þjónustu Arion banka, eða dótturfélaga bankans, gilda skilmálar viðkomandi vöru og/eða þjónustu einnig um þá notkun samhliða skilmálum þessum. Sé ósamræmi milli skilmála vildarkerfis Arion banka og almennra viðskiptaskilmála Arion banka, ganga skilmálar vildarkerfisins framár.

## 2. AÐILD AÐ VILDARKERFI

- 2.1 Aðild að vildarkerfi Arion banka er eingöngu í boði fyrir einstaklinga sem eru í viðskiptum við bankann. Lögaðilar geta þannig ekki átt aðild að vildarkerfi bankans.
- 2.2 Sé ekki annað tekið fram í tengslum við aðild að einstökum vildarkerfum verða einstaklingar að hafa náð 13 ára aldri til þess að geta sótt um aðild að vildarkerfi bankans.
- 2.3 Aðild að einstaka vildarkerfum er ávallt háð samþykki bankans og því að viðkomandi viðskiptavinur uppfylli gerð skilyrði fyrir því vildarkerfi sem um ræðir.

## 3. VILDARKERFI BANKANS

- 3.1 Ákvæði kaflans gilda um þau vildarkerfi bankans sem viðskiptavinur er aðili að. Sérstök ákvæði vildarkerfanna, eins og þeim er lýst hér að neðan, ganga framár almennum ákvæðum skilmála þessara.

### A. Arion Endurgreiðsla

- 3.2 Þeir viðskiptavinir sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði, auk þeirra skilyrða sem koma fram í gr. 2. skilmála þessara, geta sótt um aðild að Arion Endurgreiðslu:
  - laun viðskiptavinar greiðast inn á reikning hjá Arion banka eða viðskiptavinur er í Premía þjónustu bankans,
  - viðskiptavinur hefur annað hvort debet- eða kreditkort hjá Arion banka, og
  - viðskiptavinur eða sambýlismaki er greiðandi váttryggingarinnar Heimilisverndar 1, 2, 3 eða 4 hjá Verði tryggingum hf. („Vörður“).
- 3.3 Að uppfylltum skilyrðum ákvæðis 3.2 í skilmálum þessum eiga viðskiptavinir á grundvelli Arion Endurgreiðslu rétt á að fá endurgreitt hlutfall af heildarfjárhæð greiddra iðgjalda sem viðskiptavinur hefur sannarlega greitt fyrir váttryggingar á undangengnu váttryggingartímabili, eins og það er skilgreint í gr. 3.7. Þó mynda greidd iðgjöld váttrygginga sem tengjast atvinnustarfsemi ekki iðgjaldastofn sem endurgreiðsla reiknast af.
- 3.4 Skilyrði endurgreiðslu greiddra iðgjalda er að viðskiptavinur uppfylli aðildarskilyrði, sbr. gr. 3.2, og að hann hafi verið tjónlaus á umræddu váttryggingartímabili Heimilisverndar. Viðskiptavinur telst tjónlaus ef ekki hefur verið greitt úr neinni þeirri tryggingu sem saman mynda heildar iðgjaldastofn endurgreiðslunnar.
- 3.5 Þrátt fyrir framangreint ákvæði 3.4 telst viðskiptavinur tjónlaus þó greitt hafi verið vegna tjóns eins hér greinir:
  - úr persónutryggingum Varðar (t.d. líf- eða sjúkdómatryggingum),
  - tekist hefur að gera við tjónaða bílrúðu ökutækis sem tryggt er með bílrúðutryggingu ökutækjatrýggingar Varðar,
  - greitt hefur verið úr atvinnutryggingum hvers konar (t.d. starfsábyrgðartryggingu) hjá Verði,
  - úr 5. kafla tryggingarinnar Golfvernd, Hóla í höggi hjá Verði.
- 3.6 Uppfylli viðskiptavinur skilyrði um endurgreiðslu iðgjalda, greiðir Arion banki hlutfall greiddra iðgjalda inn á þann reikning viðskiptavinar hjá Arion banka sem viðskiptavinurinn hefur tilgreint. Endurgreiðsla á sér stað 5. dags mánaðar, einum mánuði eftir endurnýjunardagsetningu váttryggingarinnar Heimilisvernd. Sé 5. dagur mánaðar almennur frí- eða helgidagur, greiðist iðgjaldið næsta virka dag á eftir.

- 3.7 Vátryggingartímabil í skilningi þessa ákvæðis ræðst af vátryggingartímabili vátryggingarinnar Heimilisvernd. Greidd iðgjöld vátrygginga hjá Verði sem falla til innan vátryggingartímabils Heimilisverndar mynda saman heildar iðgjaldastofn sem Arion banki endurgreiðir í samræmi við ákvæði skilmála þessa. Ákvæði viðskiptavinar að skipta um útgáfu Heimilisverndar, til dæmis úr Heimilisvernd 3 í Heimilisvernd 4, gerir Arion banki upp áunna endurgreiðslu og myndar hið nýja vátryggingartímabil Heimilisverndar nýtt vátryggingartímabil.
- 3.8 Arion banki og Vörður þurfa að miðla tilteknum upplýsingum viðskiptavina sín á milli þannig að bankinn geti veitt viðskiptavinum sínum þá vild sem í vildarkerfinu *Arion Endurgreiðsla* felst, sbr. nánar gr. 5.2 í skilmálum þessum.
- 3.9 Arion banki áskilur sér einhliða rétt til að breyta, bæta við eða fella á brott tiltekin skilyrði *Arion endurgreiðslu*. Komi til breytinga á skilyrðum *Arion Endurgreiðslu* kynnis bankinn hin breyttu skilyrði með 30 daga fyrirvara.

#### 4 BREYTINGAR Á VILDARKERFI OG UPPSÖGN

- 4.1 Bankinn áskilur sér rétt til að breyta þjónustubáttum og fríðindum vildarkerfa bankans hvenær sem er og/eða hætta með einstök vildarkerfi og skulu slíkar breytingar taka gildi þegar þær hafa verið kynntar á heimasíðu bankans og verið tilkynntar viðskiptavinum sem eru aðilar að einstökum vildarkerfum.
- 4.2 Eftir að bankinn hefur samþykkt aðild viðskiptavinar að vildarkerfi viðhefur bankinn eftirlit með því hvort viðskiptavinur uppfyllir skilyrði fyrir aðild að einstaka vildarkerfum bankans. Við mat á því hvort viðskiptavinur uppfyllir skilyrði viðkomandi vildarkerfis horfir bankinn til tímabils sem nær 12 mánuði aftur í tímann, nema annað sé tekið fram í tengslum við einstök vildarkerfi. Komist bankinn að þeirri niðurstöðu að viðskiptavinur uppfylli ekki gerð skilyrði skal viðskiptavini tilkynnt um það og skal viðskiptavinur fá tækifæri til að andmæla þeirri niðurstöðu innan tilgreinds frest eða bæta úr, en ellegar færir bankinn viðskiptavin úr viðkomandi vildarkerfi og þar með telst samningi aðila um aðild að vildarkerfinu hafa verið sagt upp af hálfu bankans.
- 4.3 Bankinn áskilur sér rétt til neita viðskiptavinum um áunnin réttindi þeirra vildarkerfa sem þeir eiga aðild að og segja upp vildarsambandinu, svo sem ef viðskiptavinur á í vanskilum við bankann eða viðskiptavinur uppfyllir ekki kröfur laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.m.t. að hafa veitt bankanum fullnægjandi svör við áreiðanleikakönnunum bankans.
- 4.4 Ákveði bankinn að fella niður og hætta með einstök vildarkerfi bankans falla á brott áunnin réttindi vildarkerfisins sem viðskiptavinur hefur unnið sér fram að þeim tíma, hverju nafni sem þau nefnast, nema annað sé sérstaklega tekið fram í skilmálum viðkomandi vildarkerfis.
- 4.5 Viðskiptavini er hvenær sem er heimilt að segja sig úr einstaka vildarkerfi. Skal tilkynningu þess efnis komið til bankans með tölvupósti á almennt netfang bankans, arionbanki@arionbanki.is. Uppsögn viðskiptavinar skal taka gildi þegar bankinn hefur staðfest móttöku hennar og úrlausn, eigi síðar en 15 dögum eftir að tilkynning berst bankanum.

#### 5 VINNSLA PERSÓNUUPPLÝSINGA

- 5.1 Arion banka er nauðsynlegt að vinna með tengiliða- og samskiptaupplýsingar viðskiptavina til að halda utan um þátttöku viðskiptavina í vildarkerfum bankans og til þess að hafa samband við viðskiptavini. Þá er bankanum nauðsynlegt að vinna með umsókn viðskiptavina um þátttöku í einstaka vildarkerfum og upplýsingar sem staðfesta það að viðskiptavinur uppfylli skilyrði fyrir aðild að einstaka vildarkerfum. Vinnsla þessi byggir á samningi bankans við viðskiptavini um þátttöku í vildarkerfum bankans.
- 5.2 Í tengslum við *Arion Endurgreiðslu* er bankanum og Verði nauðsynlegt að miðla tilgreindum persónuupplýsingum viðskiptavina á milli félaganna. Í tengslum við mat á því hvort viðskiptavinur uppfyllir skilyrði fyrir aðild að vildarkerfinu og í tengslum við mat á rétti til endurgreiðslu miðlar bankinn upplýsingum um nafn og kennitölu viðskiptavinar til Varðar, auk upplýsinga um að viðskiptavinur sé viðskiptavinur bankans og aðili að einstaka vildarkerfi, og aflar upplýsinga frá Verði hvort viðskiptavinur sé greiðandi vátryggingarinnar Heimilisvernd, upplýsinga um greidd iðgjöld og upplýsinga hvort að tjón hafi verið bætt úr einhverri þeirri vátryggingu sem viðskiptavinur Arion banka er með í samræmi við skilmála þessa. Miðlun þessi á milli aðilanna er nauðsynleg á grundvelli samnings um aðild að *Arion Endurgreiðslu*. Miðlun bankans á upplýsingum viðskiptavinar til Varðar byggir auk þess á samþykki viðskiptavinar, sbr. gr. 6 í skilmálum þessarar.
- 5.3 Á grundvelli lögmætra hagsmuna bankans kann bankinn að vinna með persónuupplýsingar umfram það sem þarf til að uppfylla og framfylgja skilmálum þessum s.s. vegna tölfraeðigreiningar eða gerð persónusniðs, nema hagsmunir viðskiptavinar vegi þyngra.
- 5.4 Um vinnslu bankans vísast að öðru leyti í persónuverndarstefnu bankans sem aðgengileg er á heimasíðu bankans. Þá vísast jafnframt í persónuverndarstefnu dótturfélaga bankans sem eftir atvikum tengjast einstökum vildarkerfum bankans.

## 6 SAMÞYKKI FYRIR MIÐLUN

- 6.1 Með samþykki á skilmálum þessum samþykkir viðskiptavinur að bankanum sé heimilt að miðla tilgreindum upplýsingum um viðskiptavin til dótturfélaga og/eða annarra samstarfsaðila, eftir því sem nánar er kveðið á um í tengslum við einstaka vildarkerfi. Á bankanum hvílir bankaleynd og er samþykki þetta því nauðsynlegt svo bankanum sé miðlunin heimil.
- 6.2 Viðskiptavinir geta hvenær sem er afturkallað samþykki sitt, sbr. gr. 6.1. Slík afturköllun getur þó haft þau áhrif að bankinn geti ekki veitt viðskiptavini aðild/áframhaldandi aðild að tilgreindu vildarkerfi bankans. Afturköllun á samþykki skal send á netfangið [arionbanki@arionbanki.is](mailto:arionbanki@arionbanki.is).

## 7 ÖNNUR ÁKVÆÐI

- 7.1 Viðskiptavinir geta samþykkt skilmála þessa með undirritun sinni eða undirritun með fullgildum rafrænum undirritunarbúnaði. Þá geta viðskiptavinir samþykkt skilmála þessa með haki í gegnum app bankans, enda hafi viðskiptavinur skráð sig inn í appið með öruggri auðkenningarleið.
- 7.2 Viðskiptavin er óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur á grundvelli þessara skilmála.
- 7.3 Um skilmálana gilda íslensk lög og rísi ágreiningur á milli aðila skal bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur.
- 7.4 Arion áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum hvenær sem er. Skulu uppfærðir skilmálar taka gildi þegar þeir hafa verið birtir á heimasíðu bankans og tilkynntir viðskiptavinum sem eru í einstaka vildarkerfum þegar slíkir uppfærðir skilmálar taka gildi. Bankinn skal leitast við að tilkynna viðskiptavinum um breytta skilmála með 30 daga fyrirvara.

Skilmálar þessir voru settir þann 10.04.2024 og voru þeir síðast uppfærðir þann 10.04.2024.